

95
14. júlí

AUGLÝSING

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. jan. 1930.

1. gr.

46. gr. lögreglusamþykktarinnar orðist svo:

Ökuhraða bifreiða skal ávallt miða við gerð og ástand ökutækisins, staðhætti, færð, veður og umferð og haga þannig, að aksturinn valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir aðra vegfarendur né geri þeim óþarfa tálmanir.

Sérstök skylda hvílir á ökumanni að aka hægt og sýna ýrtruðu varkárni, þegar skuggsýnt er, skyggni lélegt eða útsýn er takmörkuð að öðru leyti, í beygjum, við vegamót, við biðstöðvar almenningsvagna, þar sem mikil umferð er eða börn eru á eða við veg eða gera má ráð fyrir, að börn séu að leik, hálka er á vegi eða önnur hætta. Þegar bleyta er á vegum, skal aka þannig, að ekki slettist á aðra vegfarendur né hús.

Á svæðinu vestan Elliðaáa má eigi aka hraðar en 35 km á klukkustund, enda séu umferðarskilyrði góð. Austan Elliðaáa má með sama skilorði aka allt að 45 km hraða á klukkustund. Bæjarstjórn er þó heimilt að ákveða annan hámarkshraða á einstökum vegum.

Breyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dómsmálaráðuneytið, 14. júlí 1958.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

96
14. júlí

AUGLÝSING

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 12 24. jan. 1949.

1. gr.

Við 40. gr. bætist:

Bifreiðastöður eru bannaðar á þessum stöðum:

- a. Í Hafnarstræti frá Silfurtorgi að Pólgötu austan megin götunnar og beggja vegna götunnar frá Silfurtorgi og upp fyrir smjörlikisgerðina og frá Austurvegi að Pólgötu.
- b. Í Fjarðarstræti beggja vegna götunnar frá Hrannargötu að Mjallargötu.
- c. Við Aðalstræti frá Silfurtorgi að Bræðraborg sunnan megin götunnar.
- d. Við Austurveg, framan við húsið nr. 1 og nr. 2.

Á Silfurtorgi verði hringakstur samkvæmt settum merkjum.

2. gr.

48. gr. orðist svo:

Ökuhraða bifreiða skal ávallt stilla svo í hóf, að komizt verði hjá slysum, og þannig, að umferð um götuna sé ekki trufluð, og má ökuhraðinn aldrei vera

meiri en 45 kílómetrar á klukkustund á aðalbrautum og 25 kílómetr. á klst. á öðrum götum bæjarins. 96
14. júlí

Þar sem bifreiðastjóri sér skammt frá sér, í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem vegur er sleipur, þar sem skóli er og þar sem mikil umferð er, skal gæta sérstakrar varúðar, og má aldrei aka þar hraðar en svo, að stöðva megi bifreiðina þegar í stað.

Að öðru leyti gilda um umferðina ákvæði umferðarlaga frá 2. maí 1958.

Breyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dómsmálaráðuneytið, 14. júlí 1958.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

97

14. júlí

um breyting á gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins, nr. 107 24. maí 1955.

Héraðsrafmagnsveitum ríkisins er heimilt að hækka gjöld samkvæmt gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins, nr. 107 24. maí 1955, um 20% frá 1. júlí 1958 að telja, þar til annað kann að verða ákveðið.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 41 22. apríl 1958, um sama efni.

Atvinnumálaráðuneytið, 14. júlí 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

98

18. júlí

um breytingu á gjaldskrá nr. 20 16. febr. 1955, yfir rannsóknir, er Atvinnudeild Háskólans annast.

Atvinnudeild Háskólans er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá nr. 20 16. febr. 1955, um rannsóknir, sem Atvinnudeild Háskólans annast, með 30% viðauka frá 20. júlí 1958 að telja, þar til annað kann að verða ákveðið.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 68 7. maí 1940, um náttúrurannsóknir, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 18. júlí 1958.

Gylfi Þ. Gíslason.

Gunnlaugur E. Briem.